Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

## Aðfnr. 1283, örk 10


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl haustið 1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útsvarskærur 1899

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Vilborg Jónsdóttir, Laugaveg Nr. 22. | Dags: 9/12. '99. | ekki |
| 2. | Árni Guðmundsson, Bræðraborg | 10/12 | lækkað 2,00 |
| 3. | Einar Þórðarson, Garðbæ | 9/12 | do 2,00 |
| 4. | Ólafur Rósenkranz, Reykjavík | 12/12 | do 10,00 |
| 5. | Brynjúlfur Bjarnason, kaupmaður | 13/12 | ekki |
| 6. | Þorkell Halldórsson, Bergstaðastræti Nr 6 | 13/12 | ekki |
| 7. | Kristín Blöndal, ekkjufrú | 14/12 | lækkað 10,00 |
| 8. | Guðmundur Gíslason, Garðbæ (Ráðagerði) | 11/12 | ekki |
| 9. | Bjarni Þórðarson frá Reykhólum | 11/12 | lækkað kr 10,00 |
| 10. | Daniel Bernhöft | 14/12 | 40 kr. felldar niður. |
| 11. | Guðlaugur Þorbergsson, Lindargötu | 15/12 | lækkað um 2 kr. |
| 12. | Halldór Ólafsson, járnsmiður, Hlíðarhúsum | 20/12 | lækkað um 4 kr. |
| 13. | Halldór Þórðarson, bókbindari | 20/12 | lækkað um 10 kr |
| 14. | Félagsprentsmiðjan | 20/12 | lækkað um ~~20,00~~ 20 |
| 15. | Þórður Antonsson, Reykjavík | 7/12 | lækkað um 4,00 |
| 16. | Guðm. Þorsteinsson prentari | 23/12 | lækkað um 5 kr. |
| 17. | Grímur Grímsson, Skálholtskoti | 27/12 | lækkað um 2 kr. |
| 18. | Guðmundur Bergsson, skólakennari, Laugaveg 11 | 27/12 | ekki sinnt. |
| 19. | Þorsteinn Gunnarsson, lögregluþjónn | 28/12 | ekki sinnt |
| 20. | Elísabet Jónsdóttir, Reykjavík | 27/12 | ekki sinnt. |
| 21. | Hólmfríður Gísladóttir frú hússtjórnarskólanum | 27/12 | ekki sinnt. |
| 22. | Jón Torfason, Hákonarbæ | 28/12 | lækkað um 2 kr. |
| 23. | Sigurður Jónsson, fangavörður | 27/12 | ~~Stað[illegible]~~ |
| 24. | Sveinn Th. Dalhoff, gullsmiður | 27/12 | lækkað um 4 kr. 5 |
| 25. | Pétur Pétursson, bæjargjaldkeri | 27/12 | 2,00 |
| 26. | Magnús Vigfússon, Miðseli | 29/12 | óbreytt. |
| 27. | Þórunn A. Björnsdóttir, yfirsetukona | 30/12 | ~~13~~ |
| 28. | Þorbjörn Bjarnason, ~~[illegible]~~ Reykjavík | 23/12 | 15 ekki sinnt |
| 29. | Gutm. Guðmundsson (Einar ~~Helgason~~ og Guðjón Björnsson og Sigurður Sigurðsson) | 26/12. '99. | tekið á skrá. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjald 8, kr.
1898 - 6, kr.
1897 - 8, kr.

Ekki til greina No 1/1899. - 11/12.

~~Þegar sonur minn leit á niðurjöfnun~~ arskrána sá hann að jeg ætti að gjalda nesta ár 8 kr í aukaútsvar, þettað þykir mjer nokkuð hátt í samanburði við nokkra aðra sem jeg veit að hafa meira við að styðjast en jeg, nfl, Hr: Ástráður Hannesson og Hr: Árni Einarsson sem báðir eiga að gjalda eins og jeg 8 kr en hafa stöðuga atvinnu árið um kring. svo og Guðmundur á Bröggs=úlfsstöðum mikið efnabetri en jeg en sama gjald. Ennfremur Frú Torfhildur Holm aðeins 6 kr. Eg hef ekkert við að styðjast nema son minn sem ekkert hefur fyrir sig að gjöra annað en algeinga almúgavinnu þegar hún fæst og með henni hjálpar hann mjer svo jeg þurfi ekki að biðja um hjálp af sveit minni til lífsviðurhalds.. Jeg vona að hin Heiðraða Niðurjöfnunarnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

láti sjer sýnast að þettað gjald mitt sje fullhátt í samanburði við það sem framan taldir eru látnir gjalda, og nefndin góðfúslega lækki mitt gjald ef annars er jafnað niður á Efni og ástæður En sje jafnað niður á Eitthvað annað óska jeg að fá að vita hvað það er

Virðingarfyllst

Laugaveg 42 – 9 Desember 1877

Vilborg Jónsdóttir

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Vilborgar Jónsdóttur,
Laugaveg Nr. 42.

Nfd. Rvíkur, 17. jan. 1900. —

Útsvarskæru yðar, dags. 9. f. mán., lagði ég fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 10. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar gæti ekki komið til greina, og að gjald það, sem yður var gjört að greiða til bæjarþarfa, 8 kr., skyldi standa óbreytt.

Um leið og ég tilkynni yður þetta eptir beiðni niðurjöfnunarnefndarinnar, skal ég taka það fram, að gjaldið er á yður lagt með tilliti til þess, að hjá yður eru sömu tekjur, efna- og dagsástæður, sem eigi mundu annars komast hjá því, að greiða þó sem 12 kr. gjald til bæjarþarfa. — Þegar nú er litið á hinar miklu þarfir bæjarfélagsins, þótti nefndinni eigi þér geta sloppið með lægra gjald en hið ákveðna til þarfa bæjarins. —

Nr. 1/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gold-32,00. ~~Lovreitum~~ No 2/1899. - 13/12.
1898 - 30,00.
1897-28,00. 2 Kr.

~~Jeg skal leifa mjer að ávarpa hina~~
hina heiðruðu niðurjöfnunarnemd í
Reykjavík með eptirfylgjandi línum
Eptir að hafa skoðað upphæð á út-
svari mínu á niðurjöfnunarskránni
sem nú liggur fyrir þikist jeg kom-
ast að þeirri niðurstöðu að nemdinni
hafa ekki verið nægilega ljósar kring-
umstæður mínar og skal jeg skýra
þær hjer betur fyrir henni.
Fyrst er jeg sjálfur stórkostlega heils-
u veill og líka á niðurstígandi línu
fyrir aldurs sakir, kona mín á áttræðis-
aldri og aungvann veginn vinnufær
þar á ofan dvelja hjá mjer tveir
menn annar kominn yfir sextugt en
en fór samt til austfjarða næstliðið
sumar og þar var honum greitt kaup

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem tilhlíðilegt var sem öðrum prestt-
um og gömlum manni, en þar við bætist
það að honum var skipað útsvar þar sem
hann vann að upphæð <u>4 Krónur</u> hvert það
er nú rjett eða ekki. Hinn maðurinn
er heilsulaus unglingur sem hefur
verið í það ýtrasta matvinnungur
hálfkárið, þettað er nú vinnukraftur
minn, sjálfur dvaldi jeg suður í Hafn-
arfirði með veikum mætti og þar er
mjer líka lagt á herðar að greiða
hreppsgjald að upphæð <u>5 Krónur</u>.
Það er ekki beint ætlun mín að
taka mjer jafnaðarmenn eða áfrýja
því gjaldi sem hjer er á mig lagt eink-
um af þeirri ástæðu að jeg þykist
vita að nefndinni hafi ekki verið vel
ljóst allt sem að framan er ritað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú verð jeg að lýsa óánægju minni yfir
því að fyrst er hún hækkað á mjer á ári ~~hjer~~
hverju jafnt fyrir það þóttað mjer sje
gjört að svara <u>9 krónum</u> til annarra
hreppa og verður þá hækkunin alls 11
krónur og mun það ekki vera ósann-
gjarnt að minn eginn hreppur taki það
til greina sem að jeg á að greiða til
annarra hreppa, því hjer mun vera
tekið eynasta tillit til lífs frammdrátt-
ar míns í heild sinni.

Þettað vona jeg að nefndinni þóknist
að taka til athugunar, og mun hún
þá komast að þeirri niðurstöðu að
það er ~~(að það er)~~ óeðlilegt að leggja
á vinnu manna í fleirum hreppum

Það er von mín og ósk að geta
fengið álit nefndarinnar um hið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framanritaða

Bræðraborg 10 Desember 1899

( Virðingarfyllst )
Árni Guðmundsson

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Hr. Árna Guðmundssonar,

Bræðraborg.

Í bæjarst. Rvíkur, 17. jan., 1900.

Útsvarskæru yðar, dags. 10. f. m., var lesin fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og ályktaði nefndin þá með tilliti til ástæðna þeirra, er þér hafið greint í bréfi yðar, að lækka útsvar yðar um 2 kr., þannig að útsvar yðar nú verður 30 kr. eins og í fyrra. — Frekari lækkun ~~að~~ þótti nefndin eigi geta gjört á útsvari yðar, þótt venjulega önnum yðar kunni að hafa verið gjört eitthvað útsvar í öðrum sveitum, þar er þér hafið verið atvinnu árið sem leið.

Þennan úrskurð ~~nefndarinnar~~ tilkynni jeg ~~hérmeð~~ yður hérmeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

No. 2/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 12,00

1898: 6,00 (Krafts gjald)

Lækkað um 2 kr.

No 3/1899. – 13/12. 99.

Hjer með dirfist jeg að skrifa hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík og gjöra henni ljóst að þegar jeg hafði yfir farið niðurjöfnunar skrá bæjarins gat mjer ekki betur fundist en að nefndinni hafi mis heppnast álit sitt um mitt gjald og þikir mjer það náttúrlegt þar sem hún var kringum stöðum mínum næsta ókunnug.

Jeg er eigna laus og heilsu bilaður maður og af þeirri ástæðu að jeg var ekki fær að lifa í hjúa stjett þá kjeipti jeg mjer lausamanns brjef og einu til þess að geta daglega náð til Læknirs og með ala sem aðallinn af afla mínum gengur til og skal eg leifa mjer að leggja hjer með umsögn hjer aðslæknirsins sem og óska mjer undan sanela.

Sjálfur er jeg ekki svo kunnugur efna hag manna hjer að geta tekið mjer jafnaðarmenn. En treisti því að nefndinn eftir gjefnum upplýsing um felli meira eða minna burt, af útsvari mínu

Garðbæ 9 Desember 1899

(Vinsamlegast)

Eynar Þórðarson (Lausamaður

Til

Niðurjöfnunar nefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Einars Þórðarsonar,

lausamanns í Görðum.

Í Njfn. Rvík, 17. jan. 1900.

Útsvarskæru yðar, dags. 9. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að lækka skyldi gjald yðar um 2 kr., eða úr 12 kr. ofan í 10 kr. — Frekari lækkun á gjaldi yðar þótti nefndinni eptir atvikum eigi rjett að gjöra. —

Þetta tilkynnist yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

(B: fylgiskjalið endursent 17/1 1900 með brjefinu. Kr. J.)

No 3/1899.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 70,00.
1898: 55,00.
1897: 50,—

Lækkað um 10 kr.

№ 4/1899. — 13/12. 99.

Sannarlega kom mér það mjög á óvart, er eg las það í „Ísafold", að auka-útsvar mitt hefir í þetta sinn verið hækkað úr 55 kr. upp í 70 kr. eða um rúml. 25%. Mér þótti satt að segja meira en nóg komið, þegar búið var að þoka gjaldinu upp úr 50 kr., og því finst mér þessi nýja hækkun í ár ekki ná nokkurri átt, og jeg eigi heldur skilið, á hverju hún er bygð.

Eg bjóst við að niðurjöfnunarnefndin leggi gjöld á mig eins og aðra „eftir efnum og ástæðum". — Yfir efnin er fljótt farið; þau eru engin, er hér geti komið til greina, og ástæðurnar eru: 7 manns í heimili eða þó öllu heldur 8 en launin 15-1600 kr. — Fyrir þessum launum vinn eg frá kl. 9 árdegis til kl. 8 síðdegis, að meðtöldum matmálstíma, og verður því lítill tími afgangs til aukavinnu, sem auk þess er stopul og óákveðin og getur hér alls ekki komið til greina, enda mér vitanlega aldrei verið tekið tillit til þess, hvorki gagnvart mér né öðrum, þótt menn vinni sér inn nokkrar krónur aukreitis, með því að þræla fram á nætur til þess að reyna að láta tekjurnar standast á við gjöldin. Að líkindum hefir nefndin tekið tillit til þess, að eg hefi ókeypis húsnæði; má það og að vísu, en mikið má ekki í það leggja, því ekki eru húsakynnin meiri en svo, að eg verð að leigja herbergi úti í bæ handa

Hjónin 2
Börn 3
Vinnuk. 1
Móðir hs 1.
B
(Laura Bjørns)

Laun:
700,—
700,—
100,—
þótt hér gildir.

Hjá Brún fjórgjör.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim drengnum, sem nám stundar, enda hefi eg til íbúðar eigi annað en eina stofukytru og 2 lítil herbergi uppi á lofti; en engan kjallara og ekkert geymslupláss, nema þar sem alt frýs í kuldanum eins og í hjalli. Að því er ástæðurnar að öðru leyti snertir, þá hefi eg um mörg ár verið og er enn að borga gamlar skuldir, frá þeim árunum, er eg byrjaði búskap með ekkert og hafði fyrst sama sem engin og síðar lítil laun. – Gerði eg á þeim árunum ekki annað en safna skuldum og er ekki laus við þær enn. Ástæðurnar eru því ekki eins bærilegar og margur ætlar, og þegar litið er á þær og efnin, virðist auðsætt, að skoravgt megi við hán gjaldi.

Það mun vera skylda mín, úr því eg rita nefndinni á annað borð, að bera mig saman við nokkra aðra gjaldendur og skal heldur ekki standa á því. –

Mér er gert að eins <u>5 kr. lægra</u> útsvar en Benidikt S. Þórarinssyni, sem er talinn efnaður maður, á stórt tvílofað hús á Laugavegi og rekur þar eigi að eins verzlun, heldur og bakaraiðn. Gjald mitt er að eins <u>5 kr.</u> lægra en gjald frú Carólínu Jónassen, sem er <u>stórrík,</u> ómagalaus og húseigandi. Mér er gert að greiða <u>10 kr. hærra</u> gjald en Eyjólfi úrsmið Þorkelssyni, sem er vel efnaður, ómagalaus húseigandi. – Mér er gert að greiða <u>helmingi hærra</u> gjald en Carl Frederiksen, einhleypum manni með góðum launum. – Mér er gert að greiða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 kr. hærra gjald en Guðjóni ármund Sigurðssyni, einhleypum efnuðum manni við bezta atvinnu. Gjald mitt er að eins 10 kr. lægra en gjald Gunnars Einarssonar, sem er vel efnaður kaupmaður og húseigandi hér í bænum. Mér er gjört að greiða jafnhátt gjald og Jóni Árnasyni frá Garðsauka, sem er svo vel efnaður, að hann getur lifað af eigum sínum með konu og börn án þess að stunda nokkra atvinnu. Mér er gjört 15 kr. hærra gjald en Magnúsi ármund Benjamínssyni og Sigurði járnsmið Jónssyni, sem báðir eru vel efnaðir húseigendur hér í bænum; rekur hinn fyrri mjög arðsama atvinnu en hinn síðari lifir nær eingöngu af efnum sínum. – Eg er metinn á við hverja tvo meðal skipstjóra, þótt einhleypir séu, og veg einnig á móti þeim báðum Hannesi skipstjóra Hafliðasyni og Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni og er þó hvorugur þeirra léttur á metunum.

Eg vil taka það fram, að eg hefi ekki borið mig saman við neinn af þessum mönnum, sem eg hér hefi nefnt, í því skyni, að gjöld þeirra verði hækkuð. Eg held því fram, að gjald mitt sé orðið alt of hátt og þurfi því að lækka, en engin bót er það fyrir mig og ekki verður gjald mitt sanngjarnara fyrir það, miðað við eigin efni og ástæður, þó hækkað sé á öðrum.

Eftir efnum og ástæðum er 50 kr. gjald á mér í sjálfu sér einnig of hátt, og í samanburði við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöld þeirra manna, er eg hefi borið mig saman við, má það alls eigi hærra vera, er meira að segja í samanburði við suma þeirra alls of hátt. En úr því að gjaldið nú einu sinni var komið upp í 55 kr. og í umtalsdrætti varð fyrir mér í fyrra að bera mig upp undan þeirri hækkun, þá mun eg í þetta sinn sætta mig við þá upphæð, ef nefndin ómögulega sér sér fært að láta það sitja við 50 kr.; en hvað sem framyfir er 55 kr. álít eg mjög ósanngjarnt, enda efast eg eigi um, að þessi mikla hækkun í ár sé annaðhvort sprottin af ókunnugleika eða skökkum upplýsingum, sem einhver hefir lagað að nefndinni. –

Reykjavík 12. December 1899.
Virðingarfyllst
Rosenkranz

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dags. 12. þ.m.

Herra biskupsskrifari Ólafur Rósinkranz
Reykjavík.

Í bæjarst. Rvíkur, 17. jan., 1900. –

Aukaútsvarskæru yðar, lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar hinn 12. þ.m., og úrskurðaði nefndin þá að lækka aukaútsvar það, sem yður gjört var í síðastliðnum nóvembermánuði, um 10 kr. eða ~~það er að segja~~ úr 70 kr. ofan í 60 kr. – Frekari lækkun treystist nefndin eigi til að ~~gj~~ gjöra á ~~aua~~ útsvarinu vegna þess, að aukaútsvarsupphæð bæjarbúa hefir verið hækkuð um fullar 3000 kr. frá því er hún var síðasta árið á undan, og að þessari hækkun varð nú að jafna á gjaldþegnana. Álítur nefndin að þjer sjeuð að bera álitinn hluta hækkunarinnar eptir öllum ~~efnahag~~ högum yðar, efnahag, heimilishögum og [illegible] fjárhag. –

Þetta hefir nefndin falið mjer að tilkynna yður. –

No. 4/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B. H. Bjarnason.
Gjöld. 120,00
1898: 90,00
1897: 75,00

No 5/1899. — 13/12. 99.

Ekki tekið til greina.

Eptir að hafa kynnt mjer hin nýafloknu störf niðurjöfnunarnefndarinnar hjer í bænum, þá hefur mjer ekki blandast hugur um, að hinni heiðruðu nefnd hafi verið æði mislagðar hendur nú sem fyrri, sjerstaklega þó að því er snertir aukaútsvör kaupmanna, en þó sjerílagi mitt eigið útsvar, sem nefndin hefur hækkað tiltölulega meira en nokkurra annara stjettarbræðra minna, þar sem nefndin í ár gjörir mjer 33 1/3 % hærra útsvar en síðastliðið ár, en slík hækkun er vitanlega als ekki á hinum minsta rökum byggð, því nefndinni ætti að vera svo vel kunn hin mikla peningavandræði sem eru nú að meðal fólks og hafa verið hin síðastliðnu ár, að hún hefði átt að geta skilið, að peningaverzlanir eins og mín ekki geta tekið framförum nje vaxið í slíku árferði.

Að mínu áliti hefði það verið ólíkt sanngjarnara af nefndinni að hækka til muna aukaútsvör embættismanna, úr því ekki varð komist hjá því, að auka svo mikið tekjur bæjarins sem gjört hefur verið fyrir í höndfarandi ár, því, að því er snertir þann flokk manna, þá missir hann einskis í af tekjum sínum þótt illa ári — þar er fullt á borð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borið þótt aðra vanti —

Til þess að nefndin sjái, að það er ekki að ástæðulausu að jeg kæri útsvar mitt, þá ætla jeg aðeins að bera mig saman við fá gjaldendur, af þeim mörgu, sem jeg þó gæti nefnt, er hafa að mun meiri tekjur en jeg, en borga þó tiltölulega lægra útsvar: Kaupmaður Breiðfjörð hefur verzlað hjer í bænum um 16 ár, og leikur sjer beinlínis árlega með peninga, á samt ekki að borga meira en 40 kr. hærra útsvar. Docent Guðm. Magnússon ætla jeg að hafi töluvert hærri tekjur en jeg, en borgar þó ekki hærra útsvar. Helgi Helgason kaupm. gjörir út 4 þilskip sem hann á sjálfur og hefur stórgrætt á þeim útveg, þó lætur nefndin hann ekki greiða meira en 30 kr. hærra útsvar en mig. Sæmundur læknir Bjarnhjeðinsson ætla jeg að hafi eins miklar tekjur og jeg, borgar þó 20 kr. lægra útsvar — Jóni Vídalín konsúl gjörir nefndin 200 kr. — stórauðugum manni, og sem þaráofan kvað hafa 3000 kr. árslaun sem forstöðumaður fiskiveiðaútgjörðarfjelagsins „Ísafold“

Með skírskotun til þess sem jeg nú þegar hef tekið fram, þá leyfi jeg mjer að skora á hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún færi niður útsvar mitt, að það ekki verði tiltölulega hærra en á þeim mönnum, sem jeg hef leyft mjer að taka mjer til samanburðar

Reykjavík 13 desember 1899

B. H. Bjarnason

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í Nfd. Rvíkur, 17. jan., ~~1899~~ 1900.

Herra kaupmaður B. H. Bjarnason.

Kæru yðar, herra kaupmaður, dags. 13. f. m., eptir útsvari því til bæjarsjóðs, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur gjörði yður í síðastliðnum nóvembermánuði, hefi jeg lagt fyrir nefndina á fundi hennar hinn 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá eptir ítarlega athugun á öllum málavöxtum, að kæru yðar skyldi eigi taka til greina.—

Um leið og jeg tilkynni yður þennan úrskurð nefndarinnar, skal jeg leyfa mjer að tjá yður ~~þessar~~ hinar helztu ástæður hennar fyrir úrskurðinum, og eru þær þessar, að niðurjöfnunargjaldið til bæjarsjóðs hefir hækkað um ~~meira en~~ nærri 3000 kr. síðan í fyrra, að þessi hækkun gjaldanna hefir orðið að leggja á þá gjaldþegna bæjarins, sem álíta má að gjaldþol hafi mest, eptir efnum og ástæðum, og að nefndin taldi yður einmitt í flokki þessara gjaldenda sakir dugnaðar yðar og ráðdeildar, atorku og reglusemi, enda álítur nefndin, að þjer, sem eruð al-einhleypur maður, hafið hin síðustu árin lagt mjög ábatavænlega verzlunar-atvinnu hjer í bænum-

No 5/1899.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greid: 10 Kr. — Exsv: № 6/1899. — 14/12·99. —
1898: 10 Kr.
1897: 10 Kr.

Hjer með vil jeg virðingarfyllst fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hvort hún vildi ekki góðfúslega lækka auka-útsvar ~~útsvar~~ mitt eitthvað dálítið vegna ástæða minna sem nefndin hefur sjálfsagt ekki vitað gjörla um og hjer skal greina — útsvar mitt hefur verið 10 krónur og á að verða eins en. Nú hef jeg í {sumar} sjðastliðið tapað fullum 3 vikum frá atvinnu þegar hún var best þar til hef jeg fyrir. Einum ómaga að sjá og sjálfur farin að tapa fjöri og kröptum til að vinna og margt sem hamlar mjer frá að gjeta notað mjer atvinnu og þar með veit jeg að margir bæði hraustari mjer og

Exsv. tekið til greina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Efnabetri sem hafa jafnhátt gjald þó jeg gjefi hjer Ekki um ad tilgreina þá, af þessu framantöludu vona jeg nú ad mjer verdi nokkud vilnad í og vona ad nefndin álíti mig Ekki færan um ad gjalda þúngt gjald eins og líka er

Virdingarfyllst

Bergstadastræti No 16 - 13 Desemb 1899

Þorkjell Halldórsson

Til
Nidurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorkell Halldórsson,

Bergstaðastræti, № 11.

Í Niðurj.n. Rvíkur, 17. jan., 1900.

Útsvarskæru yðar, dags. 13. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar gæti eigi tekist til greina, og að útsvar yðar, 10 kr., skyldi standa óbreytt. –

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir ályktun nefndarinnar, skal jeg geta þess, að nefndin þóttist eigi geta lækkað útsvarið, sem nú er hið sama eins og í fyrra og í hitt eð fyrra, vegna þess að bæjargjöld hafa lækkað stórkostlega þessi síðustu árin, en hagur yðar á hinn bóginn eigi versnað. Þar sem nefndin eigi lækkaði útsvar yðar, þykist hún hafa tekið sjerstaklegt tillit til þess, að þjer kváðust hafa tapað 3ja vikna atvinnu í sumar er leið. –

№ 6/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það vottast hjermeð, að síðastliðið sumar varð herra skósmiður Ragn. Sigurðsson fyrir þeim heilsubresti, sem um langan tíma gjörði honum alls ómögulegt að sinna iðn sinni, eða hafa eptirlit með vinnumönnum sínum, og fer því fjarri, að hann enn þann dag í dag sje jafngóður.

Reykjavík 11. nóv. 1900

Guðm. Magnússon,

læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þareð hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, hefur nú tekið til starfa, þá leyfi jeg mjer hjer með — henni til leiðbeiningar — að skrifa henni brjef þetta er sýnir henni ~~bæ~~ ástæður mínar. —

Undanfarin ár hefur hin háttvirta niðurjöfnunar-nefnd, lagt á mig svo hátt aukaútsvar; t.d. var aukaútsvar mitt þ.á. 65 krónur, er mun vera með hærri aukaútsvörum — ef ekki hið hæsta — er iðnaðarmaður hjer í bæ ber, sem ekki hefur studning af öðru, en iðn sinni. —

Samkvæmt læknisvottorði dags. 7. þ.m., er jeg legg hjer með, hefur heilsu minni þetta ár verið svo varið, að jeg hefi eigi sjálfur getað stundað iðn mína, að eins hefi jeg, með veikum mætti getað kent og leiðbeint námspiltum þeim, er hjá mjer eru. — Útlærðan svein hefi jeg engann; fjöldamarga daga hefi jeg legið rúmfastur; sumpart hálfa, eða heila daga.

Tekjur mínar eru þessar:

Af iðn minni með 5 námspiltum, um árið í mesta lagi Netto 1200 krónur.

Sumir menn, og þar með — ef tilvill — hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, — ætla að jeg eigi peninga á vöxtum; en jeg lýsi hjer með yfir því, að jeg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefi optastnar, til vara liggjandi á sparisjóði 200 krónur, svo jeg geti gripið til þeirra peninga þá er mjer liggur á, og geta þessar 200 krónur tæplega nefndst „arðberandi" höfuðstóll. —

Skuldir minar erlendis, fara alldrei niður úr 1100 til 1400. krónur. —

Egnir minar eru: húseign min, hjer í bæ, en á henni hvílir skuld til landssjóðs 1200 krónur og skuld til privatmanns 1000 krónur. — Egnir minar fastar, eru ekki aðrar en sjáð húseign.

Samkvæmt framanskjáðu, sem er satt og rjett vænti jeg þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, taki þetta brjef mitt til greina, þannig að hún, næstkomandi ár lækki útsvar mitt að góðum mun, og taki fyllilega til greina, framanskjáðar yfirlýsingar minar um ydn, efnahag og heilsu mina. —

Læknisvottorðið æski jeg mjer endursent.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 11. nóvember 1899

Rafn Sigurdsson

Til

Niðurjöfnunarinnar í Reykjavík

Greitt 25,00.
1898 - 18,00
1897. 16,00.

No 19 / 1899. – 28/12. 99.

Erindi tekið til greina

Sökum þess að mér finnst það fremur óréttlátt, af hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þar sem hún hefur gjört mér 25 krónu aukaútsvar næstkomandi ár samanborið við adjunkt Halldór Guðmundsson og Þorvald Björnsson sem hafa báðir mikið hærri laun, en jeg, jeg hef í árslaun 767 kr. og á mjög heilsulitla konu og verð því opt. að svara út hálverki peningum fyrir meðöl

Þar á móti er kona Þorvaldar lögregluþjóns kennari við kvennaskólann og hefur að sjálfsögðu hálverk laun fyrir það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi jeg mjer fyrir virðingarfyllst
að biðja hina háttvirtu niðurjöfn-
unarnefnd án kröfu til lækkunar
á útsvari mínu ef það þykir vera
rjett álagt eptir ástæðum að skýra
fyrir ástæðu þess er hún hefir
fyrir því, að adjunkt Halld. Gudmundsen
hefur 6 kr. minna útsvar en jeg og
Þorvaldur Björnsson 3 kr. minna
að þessir tveir hjer greindu menn
hafa lægra útsvarsgjald en jeg
hygg jeg muni stafa af ókunnug-
leik nefndarinnar en ekki öðru

Reykjavík 28 des 1899
virðingarfyllst

Þorsteinn Gunnarsson

Þingholtsstr. 7.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra lögregluþjóni Þorsteini Gunnarssyni,

Rvík.

Í Bjst. Rvíkur, 17. jan. 1900.

No 19/1899.—

Með brjefi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 28. f. m., hafið þjer kvartað yfir því, að aukaútsvör Halldórs Guðmundssonar, fyrv. adjunkts, og Þorvaldar Björnssonar ~~adjunkts~~, lögregluþjóns, sem nefndin áætlaði þeim í [illegible] síðastl. nóvembermán. fyrir yfirstandandi ár, hinum fyrrnefnda 20 kr., en hinum síðarnefnda 22 kr., sjeu of lág einkanlega í samanburði við aukaútsvar yðar sem áætlað var 25 kr. Farið þjer því fram, að aukaútsvör nefndra manna verði hæfilega hækkuð, en þess að óskið þjer, að yðar aukaútsvar verði lækkað.—

Þetta brjef yðar lagði jeg ~~yða~~ fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 12. þ. m., og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, eptir að hún hafði íhugað kæruna vandlega, að eigi væri ástæða til þess, að hækka útsvör áðurnefndra tveggja manna, hvort skoðað út af fyrir sig, eigi í samanburði við yðar. Halldór Guðmundsson er örvasa, og því nær karlægt gamalmenni, og er nefndinni það kunnugt, að enn gengur talsvert af eptirlaunum hans til lúkningar gamalla skulda. — Fjárhagur og afkoma Þorvaldar Björnssonar þótti nefndinni eigi vera svo álitleg, að ástæða væri til að hækka gjald hans

[illegible] 4 kr. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var það álit nefndarinnar, að fjár-
hagur yðar væri mun betri en
hans. —

Þetta tilkynnist yður hérmeð
eptir fyrirmælum nefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald 30 kr.

Lækkað um 10 kr.

No 7/1899. – 14/12 99.

Þar sem ég sé að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast að gjöra mér aukaútsvar 30 krónur fyrir næstkomandi ár; þá get ég ei annað en álitið það mjög ósanngjarnt í samanburði við marga aðra hér í bænum. –

Þar sem tekjur mínar eru ekki í það heila nema 1249 kr. 45 aurar og þaraf á ég að forsorga mig og fjögur börn mín, sem nú eru svo gömul að þau engann styrkt fá, svo þarf ég að borga húsaleigu, og 400 króna skuld sem á mér hvílir nú í vetur.

Af þessum ástæðum, vona ég að hin heiðraða nefnd sjái, að það er ekki um of þó ég biðji um 10 króna lækkun á útsvari þessu. og vona ég að hin heiðraða nefnd sjái að þetta er á rökum byggt. –

Virðingarfyllst. –

Reykjavík 14. desbr. 1899

Kristín. Blöndal

(Eptir hennar tali um 1400 kr. ekki rjett.)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar i Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sýslumannsekkja, Frú Kristín Blöndal:

Rvk., 17. jan. 1900.

Útaf bréfi yðar, dags. 14. f. m., lagði ég fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin ~~að~~ þá, að lækka útsvar yðar um 10 kr., eða úr 30 kr. ofan í 20 kr.

Jafnframt og ég tilkynni yður þetta, heiðraða frú, samkvæmt fyrirlagi nefndarinnar, skal ég geta þess; að þegar nefndin jafnaði gjöldunum á bæjarbúa í síðastliðnum nóvembermán:, taldi hún ~~nefndin~~ ~~eptirlaun~~ [líffje] yðar úr lífsábyrgðarsjóði hans en það er í ~~[illegible]~~ vænt og verið, og hafði nefndin þá fulla ástæðu til að telja það svo eptir síðar fengnum upplýsingum,.-

No 7/1899.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gull. 12,00.
1898. 12,00.
1897: 12,00

Til Ellinefndar. No 8/1899. — 14/12. 99

Niðurjöfnunar nefndar Reykjavíkur Kaupstaðar

Eg undir ritaður leyfi mjer hjer með að skora á hina heiðruðu niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkur Kaupstaðar að gefa mig fríann frá auka útsvari því sem á mig er lagt að upphæð 12. krónur

Ástæður þær sem eg færi fyrir máli minu er það, að eg er barnaveikur á stýrimanna skólanum og þar að auki, er eg hvorki svo efnum búinn ne hef svo góða atvinnu að mjer beri að borga svo mikið til sveitar. Af þeirri ástæðu sem eg fyr til nefndi álít eg mig ekki (svo) þurfa að jafna mig saman við þeina sem hafa betri ástæður en bera minni útsvar heldur en eg

Virðingarfyllst. 11/12 — 99

Guðm. Gíslason
(frá Ráðagerði á Seltjarnarnesi, nú í Garðs)

verður vinjatjór
i vor á "Ílyanda"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðm. Gíslason,
Garðbæ.
(áður Ráðagerði á Selskoti)

Í Bjst. Rvíkur, 17. jan., 1900.

Aukaútsvarskæru yðar, dags. 11. f. mán., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að kæra yðar skyldi eigi tekast til greina, og útsvarið sem ákveðið var 12 kr. skyldi standa óbreytt.

Um leið og jeg eptir fyrirlagi nefndarinnar ~~fyrir~~ skýri yður frá þessum ~~málavaxta~~ málavöxtum, skal jeg geta þess; að gjald yðar var nú ákveðið jafnhátt eins og 2 næst undanfarin ár, þrátt fyrir það þótt auka-útsvör bæjarbúa hafi hækkað stórkostlega þessi árin, en hagur yðar á hinn bóginn eigi lakast, enda þykist nefndin vita það ± með vissu, að þjer sjeuð ráðinn skipstjóri í vor og sumar á eitt af þilskipum bæjarins. Þar sem nú nefndin þrátt fyrir þetta eigi hefur fært útsvar yðar upp, þykist ~~hún~~ hún fyllilega hafa tekið tillit til þess, að þjer í vetur gangið á stýrimannaskólann, en það atriði getur með engu móti leyst yður undan skyldunni að greiða auka-útsvar, sem yður annars ber að inna af hendi eptir öllum hag yðar og atvinnu-rekstri.

№ 8/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greidd 50,00
1899 25,00 hreppsgjald (í öðru er leit)

No 9/1899. – 16/12. 99.

Bjarni segist gjalda til sveitar þar vestan (Reykhólahreppi) þetta ár 1899/1900 kr 109,07 aur. } Lækkað um 10 kr.

Í vor var lagt á mig 25 króna aukaútsvar til
bæjarins, en það var allt of hátt útsvar eptir ástæðum mínum.
En af því að jeg vissi ekki um útsvar þetta fyr en
of seint til þess að kvarta yfir því, enda stóð jeg í þeirri
meiningu, að þetta 25 króna aukaútsvar væri lagt á mig frá
væri til vara eins og víða er siður að arðinum í sveitum að
jafna niður á sameign, því ljet jeg við svo búið standa.
Nú þegar jeg sje í niðurjöfnunarskránni, að mjer er
gjört að greiða upp á nýtt 50 króna aukaútsvar hjer til bæjar-
ins, finn jeg fyllstu ástæðu til að kvarta yfir þessu útsvari.
Niðurjafnaðarnefndin hefur lagt á mig svo hátt útsvar
af því hún þekkir ekki efnahag minn og þessvegna leifi jeg
mjer nú hjer með að skíra hinni háttvirtu niðurjöfnunar-
nefnd frá ástæðum mínum
Að vísu á jeg í arði kvaðnu 2/3 í jörðinni Reykhólum, ~~en~~
á þessum 2/3 hvílir veðskuld að upphæð 15.740 kr. við gjafasjóð frú
Herdísar Benidiktsen er landshöfðingi hefir umsjón yfir.
Arðurinn af þessum 2/3 jarðarinnar eða eptirgjaldið af þeim
er ekki meira en svo, að mikið af því fer til að borga vextina
af þessari veðskuld. aðrar ~~ar~~ eignir á jeg eigi svo teljandi sjeu,
nema hús það sem jeg bý í en á því hvílir 2200 kr skuld.
Hjer hef jeg enga atvinnu, og því ætti eiginlega ekkert eða
mjög lítið útsvar að leggjast á mig hjer.
Jeg hef að vísu dálítið með af Reykhólum en bæði
er það mjög erfitt og kostnaðarsamt og svo er ekki heldur
hægt að leggja útsvar á það hjer.
Jeg hef einnig lítinn part af Viðey þettað árið en á
~~en á~~ það er ekki heldur hægt að leggja nokkurt aukaútsvar
hjer í bænum.
Þegar jeg les Ísafold sje jeg að baróninum frá Hvítár-
völlum er gert að greiða hjer til bæjarins 40 króna aukaútsvar, en
mjer 50.
Þegar jeg sje þessi tvö útsvör samanborin eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirri áhöfn sem við höfum hjer báðir í bænum og að lík-
indum eru grundvöllur fyrir útsvörum okkar beggja; þá
getur mjer ekki annað dottið í hug en að hljóti að eiga sjer
stað reglulegur pennafeill á útsvari mínu nfl. að það hafi
átt að vera 5 krónur í staðinn fyrir 50 kr. enda er það fullhátt
í samanburði við útsvar þess manns, sem jeg hef tekið hjer
til samanburðar, eptir þeirri áhöfn sem við höfum hjer báðir
baráninn hefir hjer 18 kýr en jeg 2.

Jeg leyfi mjer sjerstaklega að taka þennan hátt-
virta barón til samanburðar enda þó að það sje mjög
ólíku saman að jafna hvað efnahag snertir af því að við höfum
báðir útibú annarstaðar, og borgar hann að líkindum hátt
útsvar af sínu stóra búi á Hvítárvöllum finnst mjer því
engin sanngirni mæla með því að leiða arð að því að hann
útsvar sje lækkað, en þar á móti krefst jeg að mitt útsvar
verði lækkað að minnsta kosti ofan í 5 kr. með því líka
að jeg hef alla reiðu borgað hátt útsvar af mínu litla búi
í Reykholtshreppi í haust, og að líkindum verð að greiða
útsvar af afnotum Viðeyjarpartsins til Seltjarnarnes-
hrepps.

Jeg vona því að hin heiðraða niðurjöfnunar-
nefnd eptir að hún hefir fengið þessar upplýsingar sjái
að krafa mín sje ekki ósanngjörn og lækki því útsvar
mitt samkvæmt kröfu minni ofan í 5 krónur

Reykjavík 11 des. 1899.

Bergstaðastræti 2.

Virðingarfyllst

Bjarni Þórðarson

Til

hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnemdar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bjarni Þórðarson,
(frá Reykhólum), Rvík.

B.N.fd. Rvíkur, 17. jan. 1900.

Kæru yðar, dags. 11. f.m., yfir aukaútsvari því, að upphæð 50 Kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður fyrir yfirstandandi ár í síðastl. nóvembermánuði, lagði bæjarstjórnin fyrir nefndina á fundi hennar hinn 12. þ.m., og úrskurðaði nefndin þá, að lækka gjald yðar um 10 Kr., eða ofan í 40 Kr. með tilliti til þess, að því eptir skýrslu yðar ~~einnig~~ greidduð þér útsvar fyrir yfirstandandi fardaga-ár (1899-1900) einnig í Reykhólahreppi. — Frekari ~~lækk~~ lækkun á gjaldinu gat nefndin ekki gjört, enda er það ákveðið með hliðsjón af yðar eigin skýrslu um efnahag yðar í bréfi til bæjarfógetans, þá er þér sóttuð hjer um bæjarleyfi; og verður að því er yður sjálfum um að kenna, ef gjaldið er í ~~þyngra~~ lagi. —

Þetta tilkynnist yður eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Nr. 9/1899.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~1899~~ Greitt: { 150,oo
{ 40,oo

1898: { 150,oo
{ 40,oo

1897: { 150,oo
35,oo

No 10/1899. – 14/12. 99.

40 Kr. fella niður (Daníel Þorsteinss.)
150 Kr. standa óbreyttar.

Á skrá þeirri, sem frammi liggur, yfir niðurjöfnun aukaútsvara í Reykjavík, sé eg, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar í tvennu lagi: á bakarí mitt (Bernhöftsbakarí) Kr. 150.oo og auk þess á sjálfan mig persónulega Kr. 40.oo og verður þetta samtals Kr. 190.oo.

Þegar eg athuga útsvör ýmsra annara til samanburðar við mitt útsvar, dylst mér eigi, og eg vona, að engum, sem þekkir rétt ástæður mínar, geti dulist, að útsvar þetta, sem mér er gjört, sé mikið of hátt og vil eg í fáum orðum leitast við að færa sönnur á mál mitt.

[Það lítur svo út, sem hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hafi eigi verið kunnugt um, að „Bernhöftsbakarí" tilheyrir ekki lengur dánarbúi móður minnar sál., heldur hef eg eftir samkomulagi við meðerfingja mína og með samþykki skiftaráðanda keypt bakaríið af þeim með öllu sem því fylgir og er það því orðin mín eign, sem eg hef allan veg og vanda af.] Við þessi kaup hef eg komist í stór skuldir við meðerfingja mína, og þarf eg því að greiða þeim bæði vexti og afborganir af upphæðum þeim, er eg skulda þeim. Það sýnist því liggja í augum uppi, að eg geti eigi með sanngirni borið eins þungt útsvar eins og lagt var á bakarí þetta, meðan það var eins manns eign skuldlaus eða skuldlítil. Þegar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess er getið, að eg verð að skoðast sem frumbýlingur, sem hef hleypt mér í stórskuldir til að eignast bakaríið mitt og þar af leiðandi bý að mestu leyti við skuldafé; og að eg strax á næsta vori verð að svara út 2000 krónum til bræðra minna, sem eru í Vesturheimi auk þess, sem eg þarf að borga þeim meðerfingjum mínum, sem eru hér á landi og í Danmörku, afborganir vexti af því, sem eg skulda þeim, þá sýnist mér, að útsvar það, sem mér persónulega er gjört, að upphæð 40 kr., ætti að falla burtu og auk þess að lækkað væri á bakaríinu um minst 20 kr., svo að útsvar þess yrði eigi nema 130 kr., með öðrum orðum, þar sem eg og bakaríið getur eigi samkvæmt framangreindu skoðast nema sem einn gjaldandi, þá verði útsvar mitt eigi sett hærra en 130 krónur alls.

Eg vil leyfa mér að benda á, að Félagsbakaríið í Vesturgötu hefur 90 kr. útsvar. Eftir því, sem eg kemst næst, mun það hafa engu minni umsetningu en bakarí mitt. Það hefur brauða-útsölu uppi á Laugavegi, auk útsölunnar vestur frá; og sé útsvar þess sanngjarnt, mun naumast dyljast neinum að útsvar mitt sé mikið of hátt. Á það má einnig líta, að síðan bakarí var sett uppi á Laugavegi og auk þess, eins og þegar er getið, brauð-útsala frá Félagsbakaríinu, þá hlýtur það að hafa dregið talsvert frá bakaríi mínu. Þeir, sem búa afarlega í bænum, munu fremur fara í bakaríið á Laugavegi eða útibú Félagsbakarísins þar,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur en alla leið niður til mín. Þetta sýnist auðsætt hverjum manni.

Benedikt S. Þórarinssyni, sem bæði er kaupmaður og hefur bakarí, er gjört 75 Kr. aukaútsvar. Getur verið að það sé sanngjarnt; en mér virðist, sem það styrki málstað minn að mitt útsvar sé of hátt. Þegar eg ber ástæður mínar saman við þessa hér nefnda gjaldendur, þá sýnist mér að naumast geti verið sanngjarnt að eg beri hærra auka-útsvar en 130 Krónur, eins og eg hef tekið fram hér að framan.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfi eg mér að fara fram á það, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd megi þóknast að taka þessa umkvörtun mína til greina og færa niður útsvar mitt úr 190 Kr. sem mér hafa verið gjörðar ofan í 130 Krónur.

Reykjavík, 14. desember 1899

Virðingarfyllst

Daniel Bernhöft

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bakari Daníel Bernhöft, Reykjavík.

Í Nj.N. Rvíkur, 17. jan. 1900

Þjer hafið, herra bakari, með brjefi dags. 14. f. m., kært yfir 2 útsvörum, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefir ákveðið ~~við~~ á hinni árlegu niðurjöfnun í síðastliðnum nóvembermánuði.

Annað útsvarið er yðar eigið útsvar, 40 kr, en hitt út~~kr 40,oo~~svarið er gjald bökunarhússins, sem þjer hafið veitt forstöðu, [sem það var ákveðið] 150 kr.

Kæru yðar, sem hefði átt að vera í tvennu lagi, önnur fyrir yður sjálfan, og hin fyrir bökunarhúsið og brauðverzlunina, lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að 150 kr. gjaldið skyldi standa óbreytt, en að falla skyldi niður 40 kr. gjaldið, þannig að þjer alls greiddið 150 kr. útsvar sem bakari og brauðsali hjer í bænum. –

Þetta tilkynnist yður hjermeð eftir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar, og læt þess jafnframt getið, að nefndinni var í nóvembermánuði ókunnugt um, að þjer væruð orðinn eigandi hins svonefnda „Bernhöfts bakarís", enda höfðuð þjer þá enga skýrslu gefið nefndinni. –

[síðu ark.]

No 10/1899.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gold 14,00
1898-12,
1897-10,00

Lækkað um 2 kr. — No 11/1899. — 20/12 '99

Í tilefni af því, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur við síðustu niðurjöfnun lagt á mig 14 kr. aukaútsvar, leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst að fara fram á það, að upphæð gjalds þessa verði færð niður, þareð mjer virðist gjaldið allt of hátt í samanburði við útsvör annara, eins og hjer skal sýna.

Atvinna mín er vegavinna, sem eigi stendur yfir einu sinni hálft árið, enda hef jeg nú eptir sumarið að eins rúmar 200 kr. að frá dregnum kostnaði, og af þessari upphæð á jeg að framfæra mig hinn tímann, því að aðra atvinnu hef jeg enga. Auk þess verð jeg að styrkja foreldra mína, sem eru komin á gamals aldur, annað á sjötugsaldri en hitt yfir sjötugt. Þó jeg hafi numið söðlasmíði gagnar það mjer ekki, þar sem jeg get eigi stundað þá atvinnu hið minnsta.

Guðjón Bjarnsson á Móbergi á að greiða 10 kr. útsvar. Hann hefir eigi annað fólk fram að færa en konu sína og stálpaðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dreng. Í kaup hefur Guðjón 50—60 kr. um mánuðinn.

Sigurgeir Einarsson búðarmaður hjá W. Christensen á að greiða 12 kr. útsvar. Hann hafði hjá Christensen 50 kr. um mánuðinn og hefur engan fram að færa nema sjálfan sig.

Elís Magnússon verzlunarmaður mun hafa haft næstl. ár 8 eða á 9. hundr. kr. í kaup og hefir fyrir engum að sjá, en útsvar hans er aðeins 12 kr.

Mattías Mattíasson skósmiður á að borga 20 kr. í útsvar. Hann hefur 5 eða 6 lærisveina í sinni þjónustu og nóg handa öllum að starfa. Það er því eigi ólíklegt, að minnsta kosti, að hann komist vel af, þar sem hann hefir engan ómaga fyrir að sjá.

Jeg vil því leyfa mjer að fara því fram, að útsvar mitt verði lækkað um 4 kr., en útsvör ofangreindra manna verði hækkuð um 2 kr. hjá hverjum fyrir sig.

Komist niðurjöfnunarnefndin að þeirri niðurstöðu, að eigi sje ástæða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~ástæða~~ til að sinna þessum kröfum mínum, óska jeg að mál þetta verði lagt fyrir bæjarstjórnina.

Reykjavík 15. desbr. 1899.

Guðlaugur Þorbergsson
(Lindargötu 21.)

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Guðlaugs Þorbergssonar,
Suðurgötu 21.

Í Nfjn. Rvíkur, 17. jan. 1900.

Kæru yðar, dags. ~~14~~ 15. f. mán., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastl. nóvembermán: fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 14 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar hinn 12. þ. m., og ákvað nefndin þá, að lækka skyldi gjald yðar um 2 kr., eða ofan í 12 kr., eins og það var í fyrra.

Frekari lækkun gat nefndin eigi gjört á gjaldi yðar, og tilkynni jeg yður þessi úrslit eptir fyrirmælum hennar. –

X

No. 11/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 4 kr.    No 12/1899. 20/12.99.

Hjer með leifi jeg mjer virðingar fyllst að bera þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að lækkað verði auka útsvar mitt fyrir árið 1900. Jeg vona að hin háttvirta nefnd muni gjöra jöfnuð á útsvari minu og Ólafs Gunnlaugssonar samverka manns míns. þar sem mjer er gjört að borga 6 kr meira enn hann en við skiptum vinnu okkar að jöfnu erum báðir jafn leingi búnir að vinna okkur eða með öðrum orðum tókum sveins brjef sama ár. En jeg vildi leifa mjer að geta þess að jeg verð að forsorga gamla og uppgefna móður mína en jeg veit ekki til að ofan greindur Ólafur hafi nokkurn ómaga.
Jeg vona því að hin háttvirta nefnd álíti því kröfu mína sanngjarna.

Hlíðarhúsum 20/12-99

Halldór Ólafsson járnsmiður

Gjöld: 20, ...
1898: 16, ...
1897: 10, ...

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Halldór Ólafsson, járnsmiður,

Hlíðarhúsum.

Í Bæjst. Rvíkur, 17. jan.: 1900.

Útaf kvörtun yðar, dags. 20. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundi hennar hinn 12. þ. mán.; og ákvað nefndin þá, að færa gjaldið niður um 4 kr., eða úr 20 kr. ofan í 16 kr., og verður þá gjald yðar nú hið sama, eins og síðastliðið ár. Frekari lækkun gat nefndin eigi samþykkt, og eigi þótti henni ástæða til að hækka gjaldið á manni þeim, sem þjer takið til samanburðar (Ólafi Gunnlaugssyni). – Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirmælum nefndarinnar.

No 12/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld: 110,00.
1898: 110 –
1897: 110 –

No 13/1899. – 21/12 99. Löndað um 10 kr.

Reykjavík 20. des. 1899.

Af niðurjöfnunarskránni yfir aukaútsvör Reykjavíkurbæjar 1900, sem nú hefir legið til sýnis, sé eg að nefndin hefir enn þá gert mér 110 kr. aukaútsvar eins og í fyrra, og hitt hið fyrra. Eg hafði þó vonast til að nefndin færði útsvar mitt niður, þar sem eg hafði í fyrra í kæru minni sýnt nefndinni ljóslega fram á það með óhrekjandi ástæðum, að útsvar mitt væri langt of hátt, en nefndin auðvitað hafði engar gildar ástæður fyrir sig að bera.

Eins og nefndinni má kunnugt vera, hafa tekjur mínar rýrnað stórkostlega síðustu árin; þannig eru nú jarðeignir þær sem eg á orðnar miklu lakari eign en áður, þar sem þær geta varla byggst og eg hefi orðið að færa landskuldirnar niður stórkostlega og jafnvel nú síðustu árin orðið að byggja jörð án nokkurrar landskuldar um fleiri ár af

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því hún var orðin svo niðurnídd og líkt á sér stað víðar, auk þess sem gjöld af jörðum greiðast miklu ver en áður í þessu árferði.

Sömuleiðis hafa atvinnutekjur mínar farið stöðugt minkandi síðustu árin. Þannig hafði eg áður sem leið, samkvæmt því sem eg líka skýrði skattanefndinni frá og hún hefir algerlega fallist á:

| | |
|---|---|
| tekjur af eign | 350.00 kr. |
| — " — af atvinnu | 344.76 — |
| eða samtals kr. | 694.76. |

Að vísu telst svo til, að eg hafi umráð yfir nokkurri húseign hér í bænum, en eins og nefndinni er kunnugt, hvílir margra þúsund króna skuld á eigninni og auk þess er henni svo varið, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðan hún komst í mínar hendur hefir hún ekki getað legst betur en svo, að brutto-tekjurnar eru að eins liðlega 4%, einó og nefndinni getur verið kunnugt. Af þessum 4% hefi eg orðið að taka til viðgerða og viðhaldi á húsinu og verður þá lítill ágóðinn.

Þegar þess er gætt, hvaða útsvör nefndin leggur á menn, sem hafa fleiri þúsund króna tekjur, er óskiljanlegt, hvaða mæli-kvarða hún hefir. Hér hlýtur eitthvað að vera bogið hjá hinni heiðruðu nefnd, og það svo, að eg hlýt að skora á hana, að sanna mér með tölum, hvaða mælikvarða hún fylgir. Að vísu veit eg það sem gild-andi reglu, að tiltölulega er lagt meira á tekjur af eign en atvinnutekjur, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar það nunar jafnstórkostlegu og hér, þá er skilningi manns ofboðið, því það getur þó ekki verið meiningin, að gjaldandi eigi að selja eign sína, til þess að geta greitt það sem á hana er lagt.

Til athugunar vil eg geta þess, að það sem prentsmiðjunni er gert að greiða 100 kr. í aukaútsvar, á eg að greiða helminginn af því, þ. e. 50 kr. Alt útsvar mitt er því 160 kr., og er nú óskiljanlegt, að nokkrum geti blandast hugur um hve fjarstætt það er rétta lagi í samanburði við mjög marga aðra. Eg hlýt því að krefjast þess, að nefndin færi útsvar mitt niður að <u>minsta kosti</u> um <u>40 kr.</u> Það nægir ekki að slengja því fram, að eg sé "efnaður maður" og hafi "góða atvinnu". Það verður að sýna það reikningslega.

Virðingarfylst
Halldór Þórðarson

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókbindari Halldór Þórðarson, Rvík. —

Útsvarskæru yðar, dags. 20. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar hinn 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá með tilliti til ástæðna þeirra, sem þjer hafið tilgreint í brjefi yðar, að lækka skyldi gjald yðar um 10 kr.; og færði hún ~~það~~ þannig niður í 100 kr. úr 110 kr., sem það hefir verið nokkur undanfarin ár. —

Þetta tilkynnist yður hjermeð, Hr. bókbindari, eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Í bæjarst. Rvíkur, 17. jan. 1900.

L. gjaldið

No 13/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 14/1899. – 21/12.99.

Reykjavík, 20. des. 1899.

Gjald: 100 kr.
1898: 95.–
1897: 90.–

Lækkað um 20 kr.

Af niðurjöfnunarskránni yfir aukaútsvör Reykjavíkur 1900, sem nú hefir legið til sýnis, sé eg að nefndin hefir enn þá hækkað útsvar Félagsprentsmiðjunnar, og nú í 100 kr., þrátt fyrir það, þó ég hafi að undanförnu, hvað eftir annað, kært útsvar prentsmiðjunnar sem óhæfilega hátt, og þrátt fyrir það þó nefndinni hljóti að vera kunnugt um hina gegndarlausu samkeppni í prentun á síðustu árum og algerða eyðilegging í bókagerð og blaða. Eg þykist því geta verið fáorður um ástæður, en að eins vil eg geta þess, að prentsmiðjan hefir þetta ár, sem nú er bráðum liðið, fullum þriðjungi minni umsetningu en hún hefir haft undanfarin ár. Og svo er nú komið,

og sem forstöðumaður prentsmiðjunnar hefir ekki séð mér fært, að ráða verkamenn prentsmiðjunnar og því sagt þeim öllum upp nema einum, en milli eigendanna hefir þegar komið til álita, hvort þeir ættu að halda áfram að reka þessa iðn næsta ár, eða loka prentsmiðjunni.

Eg hlýt því að krefjast þess, að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd færi aukaútsvar prentsmiðjunnar frá 1906 niður um helming, eða niður í 50 kr.

Til samanburðar skal þess getið, að Aldar-prentsmiðjunni eru gerðar 40 kr. í útsvar, sem hefir í seinni tíð og nú sem stendur miklu meiri vinnu. Það virðist líka fremur undarlegt, að ekki verður annað séð, en að Glasgow prent-smiðjan eigi að greiða 10 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samanburði við Björn Jónsson, eða Ísafoldar prentsmiðju sleppi eg; eg hefi áður sýnt fram á þann gífurlega ójöfnuð, sem þar á sér stað, með fullt-ljósum sönnunum, en árangurslaust, því ekki er annað sjáanlegt, en hann, eða sú prentsmiðja, sé það eftirlætisgoð nefndarinnar, sem aldrei megi nefna til samanburðar.

Virðingarfyllst
Halldór Þórðarson,
forstöðumaður Félagsprentsmiðjunnar

Halld. Þórðarson bókbindari
hefur eigi undirskrifað bréf þetta.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hra Halldór Þórðarson, bókbindari í Rvík, fyrir Fjelagsprentsmiðjuna. —

~~Rvík~~,
Í Nfjn. Rvíkur, 19. jan., 1900. —

L, hra bókbindari,

Með brjefi, dags. 20. f. m., hafið þjer kært yfir aukaútsvari því, að upphæð 100 kr., sem niðurjöfnunarnefndin lagði á Fjelagsprentsmiðjuna í síðastl. nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár. Þessa kæru yðar lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að lækka gjaldið um <u>20 kr.</u>, eða ofan í 80 kr. — Frekari lækkun á útsvarinu vildi nefndin eigi gjöra að þessu sinni. — Þetta tilkynnist yður hjermeð eptir fyrirlagi niðurjöfnunarnefndarinnar. —

Nº 14/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 15/1899. - 21/12 99. 11/12 - 99. 4a

Lækkað um 4 a

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkr. að hún veiti mjer uppgjöf á fátækragjaldi því er hún hefur gjört mjer að skyldu að greiða næstkomandi ár með 8 Krónum.

Jeg sje mjer ómögulegt að greiða þetta gjald þar sem engin efni eru fyrir hendi og er nú 57 ara gamall og má heita þrotinn að kröftum og heilsu og sem undanfarin ár hefur verið mjög bágborið. jeg hefi nú í ár ekki getað unnið inn fyrir fæði og húsnæði og get enganveginn neikning gjört

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir að þetta breitist til batnaðar.

Þar sem jeg tel víst að hinni heiðruðu bæjarstjórn muni kunnugt um mig með aldr efri og heilsuleysi. eins og jeg hefi áminst, þá treysti jeg því að þessi beiðni min um uppgjöf á áminstu gjaldi verði tekin til greina,

Virðingarfyllst.

Reykjavík 7 Desember 1899
Þórður Andresson

Til Bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík

Gjald: Kr 8,00.
1898 } 8,00
1897 }

Lækkað um 4,00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Þórðar Andrjessonar,
Reykjavík.

Í N.jfn. Rvíkur, 17. jan., 1900.

Útsvarskæru yðar, dags. 7. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að færa niður aukaútsvar það, sem hún gjörði yður í síðastliðnum nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár, úr 8 kr. niður í 4 kr. sakir förlandi heilsu yðar og þar af leiðandi rírnandi gjaldþols. –

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. –

№ 15/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 16/1897. - 23/12 97. R.

~~Gjald: 15, kr.~~

Reykjavík, 23. des. 1899.

1898: 15, kr.

1897: 12, kr.

Háttvirti form. niðurjöfnunarnefndar ~~R.víkur~~

~~Lækkað um 5 kr.~~

Í gær barst mér í hendur aukaútsvarsseðill minn, hvar eg sé að mér er ætlað að borga 15 – fimtán – krónur í ár, eins og mér var ætlað í fyrra.

Vegna þess, að fardagaárin 1898-99 og 1899-1900 hafa verið mér arið misjöfn, þá er eg óánægður með þetta útsvar mitt í ár. Í fyrra var alt öðru máli að skifta, þá hafði eg stöðuga vinnu og þó kaup mitt væri þá lægra, en margra annara prentara þá kvartaði eg eigi í það sinn, og stafaði það nokkuð af því, að eg bjóst við, að nefndin áliti að þetta útsvar væri samsvarandi stöðu minni, þar eg hafði þá forstjórn prentsmiðju á höndum mér, enda þótt laun mín voru töluvert minni þá, en margra akkords-setjara.

Nú í ár, er alt öðru máli að gegna. Vinna mín í ár, hefir verið sáralítil við prentstörf. Af og til haft vinnu, frá 19. júlí til október –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

loka. Veikindi gengu yfir sjálfan mig í vor.
Ómagi bætst á mig síðan í fyrra, en aftur
á móti fjell móðir mín sál. frá í ágústmán.
síðastl. sem hafði verið reimfastur ómagi minn
síðustu 8 ár æfi sinnar. Þegar þessu var lokið
byrjaði megnt heilsuleysi í konu minni og
hélst það á 8. mánuð svo að hún var af og
til rétt fyrir dauðans dyrum, hvað a meðala
og ráða sem leitað var. Auk þessara ástæða
hefi eg ómaga (10 ára stúlku), sem systir mín á,
og hefi ekki annað með henni, en það, að móðir
hennar (sem er hér sveitlæg) vinnur hjá mér
fyrir fæði og klæði án frekara kaups. Þetta eru
mínar réttu og sönnu ástæður, og veit eg vel
að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hefur
eig verið þetta ljóst, því þá hefði hún alls eigi
lagt á mig 15 kr. í samanburði við önnur
álögð sín.

Eg skal geta þess, að mér virðist eigi
réttlátt, að eg – eins og framanritaðar ástæður
sýna – sé gjörður alveg jafn. þeim herrum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorv. Þorvarðarsyni prentara, sem hefir
haft fast árskaup auk starfa síns við
Leikfélagið m. m. og Þórði Sigurðssyni prent-
ara, sem hefur haft stöðuga vinnu alt árið,
og hefur verið fyrir litlu að sjá nema sjálfum
sér, því hans skylduómagi – faðir hans – mun
vera sem komið er, eigi íþyngja honum mikið.
Hr. Friðfinnur Guðjónsson prentari, er settur með
12 kr. útsvar, en hefir fasta árskaup auk
Leikfélagsstarfa síns og er með konu og eitt barn.
Þetta alt virðist mér eigi vera réttlátlega
niðurjafnað og get eg nefnt fleiri dæmi úr
prentaraflokki, en eg ætla að láta þetta nægja,
en geta þess, að ekki einn einasti af þeim
prenturum sem eru hér í bæ, hefur haft jafn-
litlar tekjur af atvinnugrein sinni yfirstand-
andi ár, sem eg og ekki einu sinni Hafliði
Bjarnason, sem hefir verið vinnulaus síðan
í ágúst, hefir haft jafnlitlar tekjur sem eg
af vinnu sinni og er honum þó gert að skyldu
að borga 8 kr., já einar 8 kr. og get eg eigi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

talid hann annad en einhleypan, þar hann hefi engan ómaga, nema ef hann leggur módir sinni einhvern lítilsháttar styrk.

Eg vænti nú svo góds til hinnar heidrudu nidurjöfnunarnefndar, ad hún, samkvæmt framanritudum ástædum mínum sjái sér fært ad lækka á mér útsvar mitt, ad minnsta kosti svo, ad þad verdi eigi meir en útsvar Haflida Bjarnasonar.

Virdingarfyllst
Gudm. Þórsteinsson,
prentari.

Til
nidurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðm. Þorsteinsson, prentari
Reykjavík.

Í N.jfn. Rvíkur, 17. Jan. 1900.

um 5 Kr.

Útsvarskæru yðar, dags. 23. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. mán.; og úrskurðaði nefndin þá með tilliti til bágborinna kringumstæðna yðar, að færa niður útsvar það, sem hún lagði á yður í síðastl. nóvembermánuði, fyrir yfirstandandi ár, ~~um~~ ~~5 Kr.~~, ~~eða úr 15 Kr. ofan í 10 Kr.~~ þannig að útsvarið verður 10 Kr. Frekari lækkun þóttist nefndin eigi geta samþykkt, og tilkynni jeg yður þessi málalok eptir fyrirlagi hennar. —

Nº 16/1897. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjald: 8,00.
1898: 6,00.
1897: 4,00.

Lækkað um 2 Kr.

Nr 17/1899. – 27/12. 99.

Vegna þess að jeg sje mjer ekki fært að greiða hærra gjald en í fyrra og ástæður mínar hafa á engan hátt batnað frá því, sem þær þá voru, leyfi jeg mjer að æskja þess að niðurjöfnunarnefndin færi gjaldið aftur niður í 6 Krónur eins og það var sítastliðið ár. Í sambandi við þetta leyfi jeg mjer að geta þess, að jeg er nú tekinn fast að eldast og farið að förlast vinnuþol og á þó fyrir ómaga að sjá.

Reykjavík 27/12 1899

Virðingarfyllst

Grímur Grímsson
(Skálholtskot)
(Nafnið handsalað).

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Grímur Grímsson,
Skálholtskoti.

Í Njfn. Rvíkur, 17. jan., 1900. —

Útsvarskæru yðar, dags. 27. f. m., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá eptir atvikum, að lækka útsvar ~~yðar~~ það til bæjarþarfa I [sem yðar var gjört í síðastl. nóvembermánuði, að upphæð 8 Kr.,] ~~fyrir yfirstandandi ár~~ um 2 Kr., þannig að ~~það~~ útsvarið fyrir yfirstandandi ár verður 6 Kr.; ~~en nefndin hafði í síðastl. nóvembermánuði ákveðið útsvarið 8 Kr.~~ — Þessi málalok tilkynni jeg yður hjermeð eptir fyrirlagi nefndarinnar. —

Nº 17/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt 12 Kr.

Lausamennsgjald. No 18/1899.- 27/12. '99.-

Herra Finnur -

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur!

Eg leyfi mér hér með að láta yður vita, að útsvar það _12 kr. _, er þér hafið lagt á mig á síðasta niðurjöfnunarfundi yðar, er algjörl. ranglátt og sýnir ljósl., að þér hafið ekkert kynnt yður ástæður mínar, — en útsvör skal leggja á „eftir efnum og ástæðum".

Skal eg nú færa ástæður fyrir máli mínu.

Fyrsta ástæðan er sú: Að þér höfðuð engan rétt til að leggja á mig hærra útsvar, en sem svaraði hlutfallsl. til inntekta þeirra, er eg hefi fyrir kennslu hér í vetur eða með öðrum orðum: þér gátuð ekki lagt með réttu á annað en atvinnu mína hér í vetur, — af því að eg hefi aldrei átt hér lögheimili eða talið nokkuð fram til tíundar. — En atvinna mín nú er ekki arðmeiri en það, — að eg vinn rétt fyrir fæði og öðrum óhjákvæmil. kostnaði: (Tekjurnar eru: 6,50 kr. á viku, fyrir kennslu í barnaskólanum, + 70 kr. yfir kennslutímann, fyrir auka kennslu.)

Þá er sú ástæða næst: Að eg er með öllu félaus maður, sem er afleiðing af þeirri orsök, að eg átti bláfátæka foreldra og kostaði mig þrjú ár við nám. Síðan náminu lauk, hefi eg því verið að vinna af mér kostnað þann, er af því leiddi.

Þriðja — og síðasta — ástæðan, sem eg ætla að færa hér til, er sú: Að eg var hér í vor, er bið,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Jullas Zvikur, til að leita mér lækningar við augnveiki — sem kostaði auðvitað tölavert — og að eg kom hingað í haust mikið vegna þessa veikz., til þess að geta verið undir læknis hendi, — ef hann ágerðist. —

Af þessum ástæðum krefst eg þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, felli útsvar mitt algjörl. í burt.

Reykjavík 27/12. '97.

Virðingarfyllst

Guðm. Bergsson.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bæjarfógeta Guðm. Bergsson,
Rvík. –

Í Njn. Rvíkur, 17. jan:, 1900.

Kæru yðar, herra bæjarfógeti, dags. 27.
f.m. yfir útsvari því til bæjarsjóðs,
að upphæð 12 kr., sem niðurjöfnunar-
nefndin lagði á yður í síðastliðnum
nóvembermán:, bar jeg fram á
fundi nefndarinnar 12. þ.m., og
komst nefndin eptir að hafa rætt
kæruna og athugað hana ítar-
lega að þeirri niðurstöðu, að eigi
væri ástæða til að taka hana
til greina.

Um leið og jeg því eptir fyrirmæl-
um nefndarinnar tilkynni yður það, að
kæru yðar var vísað á bug, skal
jeg taka það fram, að nefndin
taldi það víst að þjer væruð
nú heimilisfastur hjer, að hún þótt-
ist hafa fulla vissu fyrir því, að
þjer munduð að minnsta kosti verða
heimilisfastur hjer fram á vor þetta
ár, að henni þannig að lögum var
skylt og heimilt að leggja á yður gjald til
bæjarsjóðs, og að nefndinni þá þótti
það frágangs-sök, að leggja á yður
~~hafa~~ lægra gjald, en venjulega er lagt á
efnalausa og umkomulausa lausa-
menn. –

No 18/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Elísabetar Jónsdóttur, Reykjavík.
(Sveinavatn).

Í Rvík., 17. Jan., 1900.

Kæru yðar, dags. 27. f. m., yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefndin gjörði yður (fyrir yfirstandandi ár) í síðastliðnum nóvembermán., að upphæð 8 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. m., og niðurstaða nefndarinnar, eptir að hún hafði íhugað kæruna rækilega, að eigi væri ástæða til að taka hana til greina, og að gjald yðar skuli standa óhaggað.—

Um leið og jeg tilkynni yður þetta eptir fyrirmælum nefndarinnar, skal jeg geta þess, að í fyrra (haustið 1898) var yður gjört sjerstakt auka-útsvar (8 kr.), án þess þjer þá hreyfðuð nokkurri kæru út af því; að hagir ~~eigi~~ yðar eigi hefðu á neinn hátt batnað eða versnað síðan, er nefndinni eigi kunnugt, en að þarfir bæjarfjelagsins hafa aukizt stórum, og hefur því óhjákvæmilegt orðið að hækka auka-útsvörin, þar sem þess var kostur. Af þessum ástæðum gat nefndin eigi fallizt á það, að lækka útsvar yðar frá því, sem það var í fyrra, enda hyggur nefndin, að útsvarið sje nokkurnveginn hæfilegt eptir efnahag yðar og ástæðum.—

No 20/1899.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gies: 50 kr.
1899: 50 kr.

No 21/1899. 28/12. 99.

Með því að útsvar til Reykjavíkurbæjar hefur verið lagt á Hússtjórnarskólann í niðurjöfnun þeirri, er nú liggur frammi fyrir árið 1900, þá vil jeg hjermeð skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að fella útsvar þetta niður, með því að nefndur skóli er ekki þess konar stofnun, sem venja er að leggja útsvar á, enda hefur bæjarstjórnin næstliðið sumar gefið eptir útsvar það, er á hann var lagt fyrir árin 1898 og 1899.

Reykjavík 27. desember 1899.

Virðingarfyllst

Hólmfríður Gísladóttir

[NB: Hólmfríður Gísladóttir sjálf]

Stendur óhaggað.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fröken Hólmfríður Gísladóttir,
Húss-stjórnarskólanum. —

Í ndjn.-Rvíkur, 17. jan., 1900.

No 21/1899.

Með brjefi til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, dags. 27. f. m., skoruð þjer á nefndina að fella niður auka-útsvar það, sem hún í síðastl. nóvembermán. lagði á Húss-stjórnarskólann fyrir yfirstandandi ár, að upphæð 50 kr.; með því að skólinn skuli eigi þess háttar stofnun, sem venja sje að leggja á auka-útsvar. Þetta brjef yðar lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. m., og var úrskurður hennar um málið á þessa leið. —

Nefndin álítur, að húss-stjórnarskólinn reki arðsama atvinnu, og það í talsvert stórum stíl, þar sem hann heldur veizlur (t. d. brúðkaupsveizlur) fyrir kaup, hefur matsölu (heldur "restauration"), o. sv. frv. Á hinn bóginn ~~tekur~~ ~~það~~ ~~skólinn~~ er, að áliti nefndarinnar, tekið fullt meðlag með stúlkum þeim, sem sækja skólann. Að þessu leyti telur nefndin skólann arðsama stofnun eða gróðavænlegt fyrirtæki, og getur það fyrir sitt leyti eigi fallizt á það, að stofnun þessi skuli vera undanþegin aukaútsvari. Eg skal geta þess, að bæjarstjórnin hefur eigi tilkynnt nefndinni neina ívilnun, er komi í bága við ~~það~~ þetta álit. — Þar sem þjer nú í kæru yðar eigi færið fram á það, að stofnunin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje lækkað, ályktaði nefndin, að
það skuli standa óhaggað. –
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna
yður, heiðraða fröken, eptir fyrir-
lagi nefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt: 16, kr. Lækkað 2 kr.
1898: 12, kr.

No 22.

$\frac{28}{12}$ 99.
1899. –

Af því hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd í fyrra hækkaði aukaútsvar mitt um 4 krónur frá því sem það áður hafði verið, eða úr 8 krónum upp í 12 kr. fyrir nú útlíðandi ár, og hún nú aptur enn hefir hækkað það um 4 krónur fyrir næstkomandi ár, eða úr 12 krónum upp í 16 krónur, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að tjá henni frá, að mjer þyki hækkun þessi eigi sanngjörn, og óska því að hin háttvirta nefnd nú bregði upphæð hins síðarnefnda aukaútsvars og færi það niður í 12 krónur, því kjör mín og kringumstæður eru í engu betri en að undanförnu, þar sem jeg er svo heilsulinur, að jeg eigi get neina áreynzluvinnu á mig lagt, og jeg um síðastliðin ár hefi svo sárlítið getað unnið mjer inn, hvorki á sjó nje landi, en hefi 5 ómaga, – 4 börn mín ung, og aldurhnigna uppgefna móður mína, fram að færa. Af þessum ástæðum vona jeg að hin háttvirta nefnd sjái að eigi sje sanngjarnt að jeg greiði hærra aukaútsvar en síðastliðið ár. Auk þessa skal jeg leyfa mjer að geta þess til samanburðar, að Gísla Jónssyni í Nýlendu er ætlað að greiða 12 krónur í aukaútsvar, hann hefir enga ómaga fram að færa og er sæmilegum efnum búinn; finnst mjer því eigi sanngjarnt að jeg greiði hærra gjald en hann. Ennfremur skal jeg geta þess að bókhaldari Jón Eyvindsson á að greiða 15 kr. í aukaútsvar; hann á aðeins 1 barn, er þarnar, efnaður maður og hefir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ágæt stöðug laun; gætur því eigi talist ósanngjarnt að jeg borgi 3 krónum minna í aukaútsvar en hann, þegar tekið er tillit til atvinnu okkar, og ómegðar þeirrar, sem á mjer hvílir fram yfir hann, og sjerstaklega til minnar veiku heilsu, sem er á svo völtum fótum, að það er einkum hennar vegna að jeg fer þess á leit, og vonti þess, að hið umrædda aukaútsvar mitt verði fært að minnsta kosti niður í 12 krónur.

Hákonarbæ í Reykjavík, 28. desember 1899.

Virðingarfyllst

Jón Torfason.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Þorfason,
Hákonarbæ, Reykjavík.

Í Njfr. Rvíkur, 17. jan. 1900.

Útsvarskæru yðar, dags. 28. f. mán., lagði jeg fyrir niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin það, að lækka skyldi gjald yðar til fátækraþarfa fyrir yfirstandandi ár, sem hún ákvað yður í síðastliðnum nóvbr. mán.: að upphæð 16 kr., um 2 kr., eða ofan í 14 kr.

Þetta ákvæði nefndarinnar tilkynni jeg yður hjermeð, og því viðbættu, að nefndin sá sjer eigi fært að lækka gjald yðar frekara vegna hinna miklu þarfa bæjarfjelagsins, sem gjaldþegnarnir verða að fullnægja. —

No 22/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt: 30,00
1898: 25,00.

Dr. 23/1899. - 28/12. 99.

Steindór Briem.

Ég leyfi mjer hjermeð að snúa mjer til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar útaf útsvari mínu fyrir næstkomandi ár, þar sem hún hefur jafnað á mig 30. kr., sem mjer þykir allt of hátt útsvar. En nú skal jeg gera hinni heiðruðu nefnd greiða fyrir eigum mínum og launum. Þinglesnar skuldir mínar eru 3400 kr. aðrar skuldir 400; samtals 3,800. Laun mín 1200 kr. húsnæði, ljós og eldiviður, 3 miðdegismatar af fangamat, sem samsvarar 80. kr. ~~alltsaman~~ þettað hefi jeg gert 1700. kr. alltsaman og er víst fullhátt reiknað. Heimilisfólk mitt eru 5 börn, sem ég verð að skaffa fæði; 2 af þeim eru í Barnaskóla; 1 drengur í Latínuskóla. Alt svo 8. manns í heimili og verður það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brutto, tekjur 220 á mann og er jég viss um að þeir, sem eru launa menn í nefndinni geti dæmt um hvort mikið má leggja á þau laun. Eg get ekki verið að nefna ómaga þá menn, sem hafa 5-700 kr á mann að lifa á og ekki borga meira en 100.

Þettað vildi jég tilkynna hinni heiðruðu svo hún viti hvað hún er að leggja á.

Reykjavík 29/12 1899

Virðingarfyllst

J Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra fangavörður Sigurður Jónsson,

Reykjavík.

Á bæjarstj. fundi, 17. jan. 1900.

Bréf yðar, hr. fangavörður, dags. 29. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár 1900, sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur ákvað yður í síðastl. nóvembermán.: að upphæð 30 kr., lagði jeg fyrir nefndina til úrskurðar á fundum hennar 10. og 12. þ. mán., og varð það þá úrskurður nefndarinnar, að kæra yðar gæti ekki til greina tekin, og að gjaldið skyldi standa óbreytt.

Jafnframt og jeg tilkynni yður, herra fangavörður, þessi úrslit, skal jeg taka það fram, að aukaútsvarsbyrði bæjarins hefur aukizt mjög mikið ~~síðast-~~ ~~liðið~~ undanfarið ár (sem sjá má rúmar 3000 kr.), að þessi ~~aukning~~ hefur nú orðið að jafna niður á gjaldþegna bæjarins; að nefndin áleit að þeir gætu borið og ættu að bera dálítinn hluta af gjaldhækkuninni, og að nefndin ~~yfirleitt eigi~~ áleit yðar ~~hið ákveðna~~ gjald til bæjarsjóðs, of ~~vægið~~ þungt fyrir yður eftir öllum hag yðar, að svo miklu leyti sem hann er oss kunnur. —

Lútsvars-viðbót

L eins og hún hefur ákveðið það, eigi

Þetta hefur niðurjöfnunarnefndin lagt fyrir mig að tjá yður. —

Nº 23/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greitt: 20,00
1898 Kr. 20.

Nr. 24/1899. – 29/12. 99

Þar sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, gat ekki tekið
kvörtun mína til greina, útaf
því að hún kom of seint í fyrra
hlýtur og einnig að hafa gleymt
henni algjörlega, þar sem staða
mín og efnahagur er engu betri
nú en þá, þar sem hún leggur
á mig jafn hátt aukaútsvar nú
einsog hún gjörði þá n. f. l. 20 kr.
Vil jeg því skýra það en fyrir
hinni háttvirtu nefnd, að jeg,
er að öllu leiti vinnandi hjá
föður mínum og tek ekkert kaup,
því það mjer fynst sannarleg
þörf og skylda fyrir mig, að
styrkja fátæka foreldra mína, þá
þykir mjer ekki heppilegra að gjöra
það uppá annan hátt, en vinna, að
öllu leiti þeirra gagn, og þar sem
jeg er fátækur maður og í þessari
stöðu, verð jeg alvarlega að æskja þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hin háttvirta nefnd losi mig að öllu leiti við þetta 20 kr. bæjargjald.

10 Kr.

En, eftilvill gæti það nú aptur ámóti komið fyrir, að nefndinni hughvæmdist að hækka að meiri eða minna leyti aukaútsvar föður míns, uppúr þeim 10 kr. er á hann hafa verið lagðar, einsog í staðinn fyrir mitt gjald, ef það verður felt í burtu, þá skal jeg leyfa mjer nefndinni til upplýsingar, af því að faðir minn er eigi búinn að vera hjer leingi, og því máski hans ástæður, eigi kunnar hinni háttvirtu nefnd, að geta þess, að hann er orðinn gamall maður og heilsanfarin að bela sjónin farinn að sljógast svo að hann á bátt með að stunda yðn sína fjármunalaus og skuldugur ómaga maður sem á erfitt uppdráttar, og virðist því 10 kr. gjald hans full hátt

12 Kr.

einnig nefndinni til skýringar er Magnús bróðir minn fjármunalaus 21 árs að aldri og er nemandi hjá föður mínum, og hlýtur því að losna við sitt 12 kr. bæjargjald. Í tilefni af framangreindu leyfi jeg mjer því alvarlega hjer með að biðast þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd, losi mig algjörlega við mitt aukaútsvar, án þess þó að hækka á föður mínum, og vonti jeg hinna bestu úrsleta

Virðingarfylst

Reykjavík 27 Desember 1899

Sveinn Th. Dalhoff

Lækkað um 4 kr. á Sv. Dalh.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra gullsmiður Lárus Th. Dalhoff.
Rvík. —

Í Nðjfn. Rvíkur, 12. jan., 1900.

Kærubrjef yðar, dags. 27. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir yfirstandandi ár, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á yður í síðastliðnum nóvembermán., að upphæð 20 kr., lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að lækka gjald yðar um 4 kr., eða ~~niður í~~ ofan í 16 kr., með tilliti til atvika þeirra, sem þjer tilgreinið í brjefi yðar. — Nefndinni þótti engin ástæða til þess að lækka gjaldið frekar, og eptir brjefi yðar gat nefndin eigi lækkað gjöld Dalhoffs föður yðar og Magnúsar bróður yðar, með því að þeir hafa eigi kært yfir auka-útsvörum sínum. —

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð eptir beiðni niðurjöfnunarnefndarinnar. —

No 24/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað um 5 Kr.

No 25 / 1899. — 29/12 99.

Reykjavík 27-12-99.

Tekjur konunnar. —

ómegð engin. —

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig nú að borga 50 Kr. í stað 38 Kr. fyrra ár. Jeg vil dirfast að spyrja af hverju þetta er byggt. Jeg get talið að jeg hafi í laun alls og alls 1600 Kr. þar frá dregst borgun til þeirra manna sem jeg held ýmist til að finna gjaldendur og biðja þá að borga og til að leita að þeim mönnum sem standa á gjaldskrá, en engin veit hvar eiga heima. Útgiftir við þetta allt sem og seðla-útburð nema fullum 300 Kr. Þá eru eptir 1300 Kr. Netto. Gæti þeir að, sem betra hafa reiknings höfuð en jeg. Hvort sá sem ~~hefur~~ 4000 Kr. tekjur ekki þá stendur sig, jafnmáta mjer, við að greiða 150 Kr. og þaðan af meira Virðingarfyllst

[illegible]

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bæjargjaldkeri P. Pjetursson,
Rvík. –

Í Njfn. Rvíkur, 27. jan. 1900. –

Kvartanir yðar, hr. bæjargjaldkeri, dags. 27. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs Reykjavíkur, að upphæð 50 kr., sem niðurjöfnunarnefndin ~~lagði á~~ gjörði yður í síðastliðnum nóvembermánuði, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá að athuguðum öllum málavöxtum að færa gjald yðar niður ~~lækka gjaldið~~ um 5 kr., eða ~~niður~~ ofan í 45 kr. – Frekari lækkun á gjaldinu gat nefndin eigi gjört, þegar hún athugaði hinar miklu þarfir bæjarfjelagsins annarsvegar, en hins vegar hag yðar bæði út af fyrir sig og í samanburði við aðra gjaldþegna bæjarins.

Þetta leyfi jeg mjer hjermeð að tilkynna yður, hr. bæjargjaldkeri, eptir fyrirlagi nefndarinnar. –

No. 25/1899. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(of seint)

Gjöld: 16,00.
1898: 16,00.

No 26/1899. – 30/12. 99.

Lækkað um 2 Kr.

Vegna þess að jeg sje að hin heiðraða niðurjöfnunar nefnd Reykjavíkurbæar er ekki full kunnug efnum og ástæðum mín og annara þá leifi jeg mjer að láta hana vita að frá mínu sjónarmiði, að leggja á mig meir en summa á bersta aldri sem geta stundað alla vinnu jeg skal geta þess að jeg er eigna laus 70 ára og á 2 börn fyrir innan ferminga 2 dætur mínar voru í sumar tveggja mánaða tíma undir læknirs um sjón (það veit Hjeraðslæknirinn) þar af leiðandi þurfti jeg að taka kvenn-mann þann tíma til að stunda þær og mig og borga þessi í kaup vinnu kraptur er engin nema það sem Sigurður sonur minn vinnur.

Miðseli 29 desember 1899

Virðingarfyllst
Magnús Vigfússon

Til
Niðurjöfnunar nefndarinnar í Reykjavíkur bæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Magnúsar Vigfússonar á Miðseli.

Í Rvík, 17. jan. 1900.

Kæru yðar til niðurjöfnunarnefndar Rvíkur, dags. 29. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarsjóðs fyrir yfirstandandi ár, sem nefndin gjörði yður í síðastl. nóvembermánuði, að upphæð 16 kr., lagði ég fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. mán:, og úrskurðaði nefndin þá, að eptir atvikum skyldi lækka gjaldið um 2 kr., þannig að útsvar yðar yrði ~~fyri~~ 14 kr. fyrir þetta ár. —

Jafnframt og ég tilkynni yður þetta eptir tilmælum nefndarinnar skal ég geta þess, að henni þótti ~~eigi ástæða~~ eptir tilgreindum atvikum eptir yðar eigin skýrslu enga ástæðu til þess að færa gjald yðar frekar niður að þessu sinni. —

No 26/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Greid: 8,00.
1898: 8,00.

No 20 / 1899. – 26/1 / 12 99.

Þar eð mér finnst það fremur ósanngjarnt af hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, leiði nú og í fyrra að hafa gjört mér 8 kr. aukaútsvar ef tillit er tekið til efnahags og ástæða, þar er 57 ára að aldri sama sem eignalaus þá að sönnu í von á að fá einhverntíma 8–9 hundruð úr dánarbúi Jóns sál. Þorleifssonar sem er margra ára samandregið kaup mitt er það því virðingarfyllst til mæli mín til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar að hún vildi taka til greinar það sem hér er áminnst og færa útsvarsgjald mitt í það minnsta niður í 4 krónur

standi óbreytt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg skil ekki í öðru en nefndinni
muni þykja þessi krafa mín sann-
gjörn

Reykjavík 27 des. 1899
virðingarfyllst
Elisabet Jónsdóttir
Sandala

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(of seint.) Útsv: 8,00.
1898: 6,00.

Nr 27 / 1899. – 30/12. 99.

Stend úr óbreytt.

Mig hefur furðað hve hátt aukaútsvar mér hefur verið gjört undanfarin ár, en sökum ókunnugleika hefi eg orðið of sein að kæra yfir því. Nú er það enn hækkað, því samkvæmt niðurjöfnunarskránni eru nú lagðar á mig 8 krónur. Líklega er niðurjöfnunarnefndinni eigi kunnugt, að eg hefi engan eyri í vissar tekjur, en kom hingað skuldug (eftir utanför), og er því alveg eignalaus enn. Praxis hefi eg að vísu sem yfirsetukona, en mikið af því er mér lítið frá þann starfa, og útistandandi, sumt meira en ársgamalt, og fæ sumt víst aldrei. Eg vil því ekki á hvað útsvarið er lagt.

- 1,00.
1,60
0,20.
0,80. + 0,20
1,00
= 4,60
,20
4,80

Aftur á móti hefur Þorbjörg Sveinsdóttir yfirsetuk., sem eldri og kunnugri, vissari praxis og auk þess 100 kr. fast laun, en á hana er lagt aukaútsvarið sinn 4 krónur, eða hálfu minna en á mig. Hún er auk þess húseigandi.

Guðrún Jónsdóttir á Lýtrahúsinu hefur jafnt mér, 8 kr. aukaútsvar, en mun hafa talsverð viss laun og hlynnindi, svo sem frá íbúð o. fl. Ýmsir bókhaldarar (Jón Jónsson Sturl. 13 kr., Vald. Ottesen 16 kr. o. s. frv.) við stór verzlanir hafa að eins hálfu hærra útsvar en eg, o. s. frv.

Get eg því eigi látið vera að kæra yfir þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ójöfnuði er mér finnst eg verða fyrir í þessu. Þetti mér rammlegt að á mig voru lagðar 4 kr. móts við konur þær er eg nefndi o. fl., og krefst eg því lækkunar um 4 krónur á aukaútsvari mínu. Við Þorbj. Sveinsd. álít eg að mætti bæta 4 kr.

Reykjavík 30. desbr. 1899.

Þórunn Á. Björnsdóttir.
(Psat. Ljósm.)

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavíkurkaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Yfirsetukonu Þórunnar A. Björnsdóttur,
Rvík.

Í N.jfl. Rvíkur, 17. jan., 1900.

No 27/1899.-

Kærubrjef yðar, dags: 30. f. mán:, þar er þjer kærið yfir aukaútsvari því, að upphæð 8 kr., sem niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur í síðastl. Nóvembermánuði gjörði yður fyrir yfirstandandi ár, lagði jeg fyrir nefndina á fundi hennar 12. þ. mán:, og úrskurðaði nefndin þá eptir að hafa athugað alla málavexti; að kæra yðar gæti ekki tekin til greina, og að gjaldið skyldi standa óbreytt.-

Jafnframt og jeg tilkynni yður þennan úrskurð nefndarinnar eptir fyrirlagi hennar, skal jeg taka það fram, að nefndin taldi það víst, að þjer sem eruð einhleyp og á besta skeiði hefðuð svo góða atvinnu hjer í bæ, að eigi hæfði að setja yður á bekk með almennum launakonum. Nú er gjald þeirra venjulega 4 kr., sjeu þær hraustar og vinnandi, og í hlutfalli við það þótti eigi hafa að setja útsvar yðar lægra en 8 kr. Að gjöra ~~yður jafnt~~ Fröken Þorbjörgu ~~Sveins~~ Sveinsdóttur jafnt gjald og yður, þótti ekki tiltækilegt, þarsem hún er mjög hnigin á efri aldur og farin að heilsu, og hefur síðan árin opt haft mikinn og margvíslegan kostnað, sem mun hafa [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NB: meðtekið 2/1. 1900. — Nr 28/12 1899. — 23/12 99

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að kvarta yfir Aukaútsvari því, er á mig hefur verið lagt fyrir árið 1900 síðastliðið haust og fara fram á að það verði lækkað.

Jeg vil leifa mjer að bera mig saman við Helga Verzlunarmann hjá Zimsen, hann býr með móður sinni eins og jeg og hefur víst 700 til 800 Krónur fast laun, en jeg hef. 4-500 Krónur árs tekjur. Á hann eru lagðar 8 Krónur en á mig 16 Krónur. —

Jeg vil leyfa mjer að fara fram á við hina heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd að mitt útsvar sje lækkaðum 4 Krónur. Þar er gjald mitt er hærra en á flestum eða öllum öðrum daglaunamönnum, sem eigi annað hvort hafa vinnumenn eða þá eiga talsverð efni

Reykjavík 23 des. 1899

Virðingarfyllst

Þorbjörn Bjarnason

Gjald — 16,00. —
1898 — 16,00. —

Efnalítill
Kemst af sæmil.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorbjörn Bjarnason,
Reykjavík.

Í Bjstj. Rvíkur, 17. jan., 1900.

Aukaútsvarskæra yðar, dags: 23. f. m., barst mjer eigi í hendur fyr en 2. þ. m. og var hinn lögákveðni kærufrestur þá út-runninn fyrir 3 dögum. Samt sem áður lagði jeg kæruna fyrir niðurjöfnunarnefndina á fundum hennar 10. og 12. þ. m., og úrskurðaði nefndin þá, að sinna eigi kærunni, og að auka-útsvar það, sem yður var gjört í síðastl. nóvembermánuði fyrir yfirstandandi ár skuli standa óbreytt.

Jafnframt og jeg eftir fyrirmælum nefndarinnar tilkynni yður þetta, skal jeg taka það fram, að gjald yðar hefur eigi verið sett hærra nú, en það var í fyrra (nl: 16 kr.), þrátt fyrir það þótt auka-útsvarsupphæð bæjarbúa sje miklum mun hærri nú en þá (rúmum 3000 kr.), að útsvör (einstakra) bæjarmanna gátu að þessu sinni sökum þessarar almennu gjaldhækkunar eigi orðið færð niður, nema brýnar ástæður væri til þess, og að nefndin telur yður þannig vel efnaðan, og hyggur að hagur yðar sje alla betri nú en í fyrra. —

No 28/1899.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 29/1899

Reykjavik 26 Des 1899

þareð eg hef orðið þess var að ekki hefur verið lagt auka útsvar fyrir árið 1900 á Einar Helgason garðfræðing og Guðjón Björnsson trjesmið í Austurholti þá skora eg hjermeð á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að leggja útsvar á áðurnefnda menn þegar hún tekur til athugunar kærur þær sem framm kunna að hafa komið

virðingarfyllst

Guðm Guðmundsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra garðyrkjufræðingur Einar Helgason, Rvík.

Í Nfn. Rvíkur, 20. jan. 1900.

1. Á fundi niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur hinn 12. þ.m. kom fram kæra frá einum gjaldanda bæjarins yfir því, að yður hefði verið sleppt við niðurjöfnun auka-útsvara í síðastl. nóvembermán: Nefndin tók kæru þessa til íhugunar og komst að þeirri niðurstöðu, að hún væri á rökum byggð, og að yður bæri að greiða auka-útsvar til bæjarþarfa fyrir yfirstandandi ár. Ákvað nefndin yður 25 kr. gjald í þessu skyni. —

Jafnframt og ég tilkynni yður þetta, herra garðyrkjufræðingur, skal og skora á yður, ef þér skylduð vera óánægður með gjaldið, að kæra yfir því til nefndarinnar innan 30. þ.m. —

Hra búfræðingi Sigurði Sigurðssyni (frá Langholti), Rvík.

Í Nfn. Rvíkur, 20. jan. 1900. —

2. Á fundi ——— . Ákvað nefndin yður 10 kr. ——— herra búfræðingur ——— innan 30. þ.m. —

Hra trésmiður Guðjón Björnsson, Austurholti, Reykjavík.

Í Nfn. Rv. 20. jan. 1900.

3. Á fundi ——— 10 kr. gjald ——— herra trésmiður ——— innan 30. þ.m. —

No 29/1899. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur